

HLJÓMAHÖLL



ÁRSSKÝRSLA 2019

ÁGRIP

Árið 2019 var mjög viðburðaríkt í Hljómahöll. Fjölmargir tónlistarviðburðir fóru fram í húsinu auk þess sem salir Hljómahallar voru mikið leigðir út og þá sérstaklega á fyrri hluta ársins.

Rokksafn Íslands svipti hulunni af nýju sýningaratriði á safninu sem unnið var í samstarfi við fyrirtækið Gagarín en útkoma samstarfsins, sem stundum hefur verið nefnt gagnvirku plötuspilararnir, hefur fengið góðar viðtökur en með verkefninu steig Rokksafnið skref í átt að tæknivæddara og gagnvirkara safni. Þá hlaut Rokksafn Íslands nýsköpunar- og hvatningarverðlaun ferðapjónustunnar á Reykjanesi á árinu.

Í Hljómahöll eru stöðugildin 7,4 talsins en stór hluti reksturs Hljómahallar byggir á tímastarfsfólki sem sinnir ýmsum störfum þegar kemur að viðburðum í Hljómahöll. Starfsemi Hljómahallar má gróflega skipta upp í fjóra þætti. Þeir eru:

- 1) Rokksafn Íslands
- 2) útleiga á söllum
- 3) tónleika- og viðburðahald
- 4) og veitingasala.

Heildarfjöldi gesta sem heimsóttu Rokksafn Íslands árið 2019 var 5.462 en voru 5.585 árið áður. Hlutfall Íslendinga er 65% á móti 35% erlendum gestum.

Salir Hljómahallar voru talsvert leigðir út árið 2019 undir viðburði. Veltan af salarleigu í Hljómahöll árið 2019 voru 24,4 m.kr. Árið 2018 voru leigutekjur af salarleigu í Hljómahöll um 28 m.kr.

Seldir voru samtals 5.748 miðar á viðburði í Hljómahöll sem húsið stóð sjálft fyrir eða í samstarfi við aðra tónleikahaldara (3.779 miðar árið 2018). Tekjurnar af miðasölu voru 28,6 m.kr. en tekjurnar voru 15,2 m.kr. árið 2018.

Tekjur hjá Hljómahöll-veitingum ehf. á árinu 2019 voru 64,9 m.kr. en tekjurnar voru 57,5 m.kr. árið 2018.

EFNISYFIRLIT

Ágrip	2
Efnisyfirlit	3
Starfsfólk Hljómahallar	4
Starfsemi Hljómhallar.....	6
Rokksafn Íslands	6
Um safnið.....	6
Aðgangseyririr árið 2019	8
Opnunartími.....	8
Gestafjöldi 2019	8
Nýtt sýningaratriði afhjúpað – gagnvirkir plötuspilarar.....	10
Rokksafn Íslands hlýtur nýsköpunar- og hvatningarverðlaun	12
Norrænt samstarf.....	13
Salaleiga.....	16
Viðburðir	18
Veitingasala	19

STARFSFÓLK HLJÓMAHALLAR

Á árinu 2019 voru stöðugildin í Hljómahöll 7,4 talsins í föstu starfi. Þau eru:

- Framkvæmdastjóri (100%)
- Móttaka og afgreiðsla (tveir starfsmenn í 70% starfi á 5-5-4 vöktum)
- Ræstingar (100%)
- Tæknimenn (tveir starfsmenn í 100% starfi á 5-5-4 vöktum)
- Tæknistjóri (100%)
- Veitingastjóri (100%)

Fleiri starfsmenn starfa þó í Hljómahöll. Starfsemi Hljómahallar er að stórum hluta keyrð á tímastarfsfólki, lausráðnu starfsfólki, sem kemur þegar stórir viðburðir fara fram í Hljómahöll. Tímastarfsfólk sinnir ýmsum störfum s.s. hljóðmenn, ljósamenn, sviðsmenn, uppsetningu á sölum, þjónar í sal, þjónar á bar o.s.frv.

Framkvæmdastjóri er Tómas Young en hann var ráðinn í nóvember 2013. Hann er jafnframt forstöðumaður Rokksafns Íslands. Á meðal verkefna er yfirumsjón með starfsemi Hljómahallar, markaðsmál, starfsmannamál, fjármál, bókun á listamönnum á viðburði Hljómahallar o.fl.

Tæknistjóri er Ingvar Jónsson en hann var ráðinn í ágúst 2019. Ingvar ber ábyrgð á öllu er snertir tæknimál Hljómahallar sem tengist viðburðahaldi en jafnframt sinnir hann tæknilegum hliðum hússins s.s. hitastýringu, loftræstingu, hússtjórnunarkerfi, aðgangsstýringarkerfi, þjófavarnarkerfi o.fl.

Tæknimenn í fullu starfi eru tveir talsins, þeir Björn Elvar Þorleifsson og Viðar Máni Gunnarsson, en þeir hófu báðir störf árið 2019. Þeir sinna einnig öllum tæknilegum hliðum Hljómahallar og heyra undir tæknistjóra. Á meðal verkefna þeirra eru umsjón með hljóði og lýsingu á viðburðum, viðhald tæknibúnaðar, verkefnastjórnun á viðburðum, setja saman margmiðlunarefni fyrir gagnvirku plötuspilara safnsins, yfirfara hljóðfæri og tæknilegar hliðar Rokksafnsins og þannig mætti áfram telja.

Veitingastjóri er Eysteinn Orri Valsson en hann var ráðinn í Hljómahöll í ágúst 2019. Eysteinn ber ábyrgð á öllu sem varðar sölu veitinga og salaleigu. Hann hefur umsjón með keyptum aðföngum og sér um uppgjör viðburða sem tengjast salaleigu.

Í móttöku og afgreiðslu eru þau Viktor Aron Bragason og Anita Engley Guðbergisdóttir og hófu þau bæði störf á árinu 2019. Þau sinna móttöku gesta á Rokksafni Íslands, símsvörun, taka á móti hópum á safninu, afgreiðslu í verslun safnsins og innkaupum á vörum í verslunina, sjá um miðasölu á viðburðum og ýmsum öðrum verkefnum sem falla til í Hljómahöll.

Daglegum ræstingum í Hljómahöll og Rokksafni Íslands sinnir Sævar Vatnsdal Rafnsson en hann hóf störf á svipuðum tíma og húsið opnaði árið 2014.

STARFSEMI HLJÓMAHALLAR

Starfsemi Hljómahallar má skipta upp í fjóra þætti. Þeir eru:

- 1) Rokksafn Íslands
- 2) Salaleiga
- 3) Tónleika- og viðburðahald
- 4) Veitingasala




ROKKSAFN ÍSLANDS

Um safnið

Rokksafn Íslands í Hljómahöll er safn um sögu popp- og rokktónlistar á Íslandi sem opnaði þann 5. apríl 2014. Þar er saga tónlistar á Íslandi sögð allt frá árinu 1830 á lifandi máta. Á safninu er hljóðbúr (e. *soundlab*) þar sem gestir geta leikið lausum hala og prófað sig áfram á rafmagnstrommusetti, gítar, bassa og söng.



Á safninu má finna ýmsa merka hluti úr rokk- og poppsögu Íslands. Þar á meðal er t.d. trommusett Gunnars Jökuls sem notað var m.a. á ...Lifun með Trúbrot, LED-ljósabúning frá Páli Óskari, tréskúlpúr af reggí-hljómsveitinni Hjálmum, kjólinn sem



Emilíana Torrini klæddist í myndbandinu við lagið Jungle Drum, kjól af Elly Vilhjálms, jakka sem Stuðmenn klæddust í myndinni Með allt á hreinu, hljóðnema frá Megas og þannig mætti lengi telja.

Á safninu er Rokkbúðin þar sem fæst alls kyns varningur sem

tengist rokksögunni s.s. ævisögur tónlistarmanna, geisladiskar, vínýlplötur, heimildamyndir, fatnaður og fleira. Þá selur Rokkbúðin ýmsan varning fyrir tónlistarmenn s.s. gítarstrengi, gítarneglur, gítarsnúður, trommukjuða, nótnastatíf og bækur fyrir tónlistarnám.



Gestir safnsins geta fengið lánaða spjaldtölvu og heyrnartól við komuna á safnið. Á spjaldtölvunni er forrit sem kallað er Rokk-appið. Það gerir gestum kleift að kafa dýpra í söguna og þá tónlistarmenn sem fjallað er um á safninu og um leið hlusta á tónlist hvers tímabils

ásamt því að horfa á tónlistarmyndbönd og viðtöl við tónlistarmenn.

Í mars 2015 opnaði fyrsta sérsýning Rokksafns Íslands og fjallaði hún um Pál Óskar Hjálmtýsson. Sýningin, sem stendur enn, ber heitið „Pál Óskar - Einkasafn poppstjörnu“. Pál Óskar er mikill safnari og er sýningin sterkur vitnisburður um það. Á



meðal muna á sýningunni er fjöldinn allur af sérhönnuðum búningum og fatnaði frá tónleikum hans, handskrifaðar dagbækur hans, teikningar frá barnæsku, allar gull- og plátínuplötturnar hans, plaköt frá tónleikum og dansleikjum, upprunaleg texta- og nótnablöð af þekktustu lögum hans og þannig mætti lengi telja. Páll Óskar segir sjálfur frá hverju æviskeiði með hjálp tækninnar en ævi hans hefur verið skipt um í 14 kafla og myndband sem fylgir hverjum kafla.

Í nóvember 2016 opnaði önnur sérsýning Rokksafnsins og að þessu sinni fjallaði hún um Björgvin Halldórsson. Sýningin fékk heitir Þó líði ár og öld sem er tilvitnun til hans þekktasta laga og um leið vitnisburður um þema sýningarinnar. Í sýningunni, sem enn stendur að hluta til, var farið yfir hinar ýmsu hliðar Björgvins.

Hann er vitaskuld þekktastur fyrir störf sín sem tónlistarmaður og fjallaði sýningin um það að stórum hluta en einnig önnur störf hans í gegnum tíðina s.s. sem markaðsstjóri, rödd Stöðvar 2 og útvarpsstjóri. Á sýningunni var hægt að hlusta á Björgvin segja sögur frá ferlinum og aðra



nákomna honum segja sögur af honum, horfa á viðtöl, heimildamyndir og ýmis myndbrot frá ferli Björgvins með hjálp gagnvirkar miðlunar.

Aðgangseyrir árið 2019

Almennt verð: 1500 kr.

Öryrkjar, eldri borgarar, nemendur: 1200 kr.

Hópar (stærri en 10): 1200 kr.

Hópar (stærri en 80): 1000 kr.

Frítt fyrir alla 16 ára og yngri (börn á leikskóla og grunnskólaaldri)

Ferðaskrifstofuverð: 1000 kr.

Opnunartími


Safnið er opið alla virka daga og um helgar frá 11:00-18:00. Lokað er á stórhátíðardögum s.s nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag og gamlársgdag.

Gestafjöldi 2019


Heildargestafjöldi á árinu 2019 á Rokksafni Íslands var 5.462 gestir (5.585 gestir árið 2018) sem er fækkun um rúmlega 2%. Hlutfall Íslendinga er 65% á móti 35% erlendum gestum.



Sjá má á myndinni hér að ofan þar sem heildarfjöldi gesta á Rokksafninu er skoðaður út frá mánuðum að í mars koma flestir gestir en það má rekja til þess að þá er Safnahelgi á Suðurnesjum haldin og það eru einu dagar ársins þegar frítt er inn á safnið.



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá samanburð á milli árána 2018 en heildargestafjöldi var mjög svipaður bæði árin. Fjölgun má sjá mánuðina febrúar, apríl og júní.



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá skiptingu íslenskra og erlendra gesta. Yfirleitt eru Íslendingar fjölmennari en erlendir gestir þó kemur það fyrir að erlendu gestir eru fjölmennari.

Nýtt sýningaratriði – Gagnvirkir plötuspilarar

Rokksafn Íslands hóf vinnu við gerð nýs sýningaratriðis árið 2018 en markmiðið var að bæta við sýningaratriði sem myndi gera upplifun safnagesta gagnvirkari með hjálp tækninnar. Hugmyndin var að færa safnið þó nokkur ár fram í tímann og færa það frá eldri sýningarháttum.

Haft var samband við fyrirtækið Gagarín sem sérhæfir sig í gagnvirkum lausnum fyrir söfn og önnur fyrirtæki en fyrirtækið er margverðlaunað, bæði á Íslandi og erlendri grundu. Ákveðið var að byrja á því að fara í hugmyndavinnu þar sem velt yrði upp hugmyndum um ný sýningaratriði. Hugmyndavinnan stóð yfir í rúmlega eitt ár en þá



hittust starfsmenn Rokksafns Íslands og starfsmenn Gagarín ýmist í höfuðstöðvum Gagarín í Reykjavík eða á Rokksafninu reglulega á nokkurra vikna fresti. Útkoma hugmyndavinnunnar var plagg með þeim þremur hugmyndum sem urðu ofan á í hugmyndavinnunni. Þær áttu allar það sameiginlegt að vera mjög tæknilegar en um leið hagnýtar fyrir safngestinn. Útkoman var borin undir framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs og bæjarstjóra Reykjanesbæjar sem tóku vel í erindið um að setja upp nýtt sýningaratriði á Rokksafninu. Að endingu var gert var ráð fyrir einu sýningaratriði af þessum þremur í fjárhagsáætlun ársins 2019 en atriðið sem varð fyrir valinu fékk hið óformlega vinnuheiti „Gagnvirku plötuspilararnir“. Hin tvö fengu að bíða betri tíma ef tími og fjármunir myndu leyfa síðar meir.



Mynd: Rokksafn Íslands. Gagnvirku plötuspilararnir á Rokksafni Íslands.

Plötuspilararnir þóttu vera það atriði sem breytti safninu hvað mest enda fyrirferðarmikið atriði. Atriðinu tekst líka að sameina fjóra þætti í eina upplifun fyrir safngestinn. Það er saga hljómsveitar/listamanns í formi texta, ljósmyndir, myndbönd og tónlist. Þessi marglaga útkoma veitir safnagustinum talsvert dýpri upplifun af viðfangsefni í stað þess t.d. að lesa texta og skoða myndir af vegg eða fá bara hljóðleiðsögn um safn.

Sýningaratriðið var í talsverðan tíma til prufu (e. *demo mode*) eftir að plötuspilararnir komu fyrst upp og það var á Safnahelgi á Suðurnesjum í mars 2019 þegar hulunni var loksins svipt af þeim formlega og þeir teknir í notkun. Þá höfðu starfsmenn Rokksafnsins og Gagarín fengið tíma til að slípa til ýmis tæknileg atriði og útbúið fleiri vínýlplötur með fleiri listamönnum.

Rokksafn Íslands hlýtur nýsköpunar- og hvatningarverðlaun

Rokksafn Íslands hlaut Nýsköpunar- og hvatningarverðlaun ferðapjónustunnar á Reykjanesi árið 2019 en þau voru afhent á vetrarfundi ferðapjónustunnar í Hljómahöll fimmtudaginn 28. febrúar 2019.

Í umsögn frá Markaðsstofu Reykjaness segir um Rokksafnið:

„Sagnaarfur okkar Íslendinga á sér langar rætur og víða um land má finna söfn og sýningar sem geyma og rifja upp fyrir okkur sögu okkar og menningararf. Rokksafn Íslands eins og nafnið ber með sér segir sögu tónlistar á Íslandi allt frá árinu 1830 til dagsins í dag, með sérstaka áherslu á popp og rokktonlist sem er samofin nútímasögu og menningu okkar á Suðurnesjunum.

Þó safnið eigi sér stutta sögu, en það var opnað í apríl 2014 og fagnar því 5 ára afmæli í ár, þá hefur það stimplað sig inn í menningarlíf samfélagsins með uppákomum og sérsýningum sem settar hafa verið upp og reglulega bætast nýjungar við í fjölbreytta flóru safnmuna.

Forsvarsmenn hafa lagt mikinn metnað í uppbyggingu safnsins og leitað leiða til að gera söguna lifandi og skemmtilega á faglegan hátt fyrir gesti. Hvort heldur með því að nýta nútíma tækni eða þróa nýjar lausnir eins og sést með plötuspilaranum hér frammi. Þannig geta gestir tekið virkan þátt í sýningunni og aukið við upplifun sína, meðal annars með því að lagið í sérstökum söngklefa eða grípa í hljóðfæri. Þá geta safngestir einnig nýtt sér tæknina og skoðað söguna með Rokk-appinu.



Rokksafnið á sér enga hliðstæðu á Íslandi og það er einstakt að hafa aðgang að slíkri perlu hér á svæðinu. Stjórnir Reykjaness UNESCO Global Geopark og Markaðsstofu Reykjaness hafa ákveðið að veita Rokksafni Íslands Nýsköpunar- og hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar árið 2019.“

Rokksafn Íslands sendi kjölfarið frá sér fréttatilkynningu og þakkaði stjórnun Reykjaness UNESCO Global Geopark og Markaðsstofu Reykjaness fyrir að hafa valið Rokksafn Íslands sem verðlaunahafa nýsköpunar- og hvatningarverðlaunanna á Reykjanesi.



Mynd: Daníel Einarsson, forstöðumaður Reykjaness UNESCO Global Geopark, Tómas Young forstöðumaður Rokksafns Íslands og Þuríður H. Aradóttir Braun, forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness.

Norrænt samstarf

Rokksafn Íslands og tónlistarsöfnin á Norðurlöndum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa staðið fyrir norrænu samstarfi frá árinu 2014 en öll löndin opnuðu söfn um sögu popp- og rokktónlistar á síðast liðnum áratug. Söfnin sem standa að samstarfinu eru:

Rockheim í Þrándheimi í Noregi,
Ragnarock í Hróarskeldu í Danmörku,
Swedish Music Hall of Fame í Stokkhólmi í Svíþjóð
og Rokksafn Íslands.

Markmiðið með samstarfinu er að söfnin eigi sér samstarfsvettvang og geti lært hvert af öðru með reglulegum fundum þar sem stjórnendur safnanna geta miðlað þekkingu sinni og lært hvert af öðru. Þá er það einnig markmið með samstarfinu að söfnin geti sótt sameiginlega um styrki í framtíðinni fyrir sameiginleg verkefni. Söfnin hafa hist

reglulega, einu sinni til tvisvar sinnum á ári síðan að samstarfið hófst. Fundirnir hafa farið fram til skiptis á hverju safni auk þess sem einn fundurinn var haldinn í London árið 2017 þar sem söfnin heimsóttu Victoria and Albert-safnið þar sem stóð yfir sýning um bresku hljómsveitina Pink Floyd.

Eitt af verkefnum samstarfsins sem unnið hefur verið að síðast liðin ár er að skipuleggja ráðstefnu með áherslu á tónlistarsöfn, þá fyrstu sinnar tegundar, en fjölmörg tónlistarsöfn hafa litið dagsins ljós undanfarna tvo áratugi víðs vegar um gjörvallan heim. Hugmyndin var að setja á laggirnar ráðstefnu þar sem söfnin af Norðurlöndum myndu skipuleggja og sækja, bjóða öðrum söfnum ásamt þekktum fræðimönnum sem hafa gert tónlistarsöfn að viðfangsefni sínu.

Ráðstefnan varð að veruleika dagana 11.-12. júní 2019 og fór fram í Rockheim í Þrándheimi í Noregi. Á ráðstefnunni fóru fram fyrirlestrar, pallborðsumræður og tengslamyndun. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar (e. *keynote speaker*) var Robert Santelli en hann hefur sett á laggirnar ýmis söfn og þar með talið EMP safnið í Seattle í Bandaríkjunum og Grammy-söfnin víðs vegar um Bandaríkin sem hann stýrir í dag. Þá voru erindi frá ýmsum fræðimönnum sem höfðu skrifað doktorsritgerðir sínar um tónlistarsöfn og ýmis málefni tengd þeim, og kynningar frá söfnum (þar með talið Rokksafn Íslands) um tilurð og rekstur safnanna. Sérstakur gestur ráðstefnunnar var tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson sem var fenginn vegna samstarfs Rokksafns Íslands og hans við gerð sýningarinnar Einkasafn poppstjörnu sem var opnuð á Rokksafn Íslands árið 2015. Páll Óskar tók bæði þátt í pallborðsumræðu ásamt fyrirlesurum og fræðimönnum um frásagnarhátt sýninga um tónlist auk þess sem hann sat fyrir svörum í Q&A hluta (spurningar og svör) ráðstefnunnar ásamt Tómasi Young, forstöðumanni Rokksafnsins, um gerð sýningarinnar.



Mynd: Rokksafn Íslands. Páll Óskar tók þátt í pallsborðumræðu ásamt forstöðumönnum evrópskra tónlistarsafna, fræðimanna um tónlistarsöfn og.fl.

Um 70-80 manns sóttu ráðstefnuna og þótti hún takast afar vel til. Þeir sem sóttu ráðstefnuna fengu mikið út úr því að kynnst starfsemi annarra safna og nýttu sér tengslamyndunina. Stefnan var strax sett á að gera ráðstefnuna að reglulegum viðburði á nokkurra ára fresti.



Mynd: Rokksafn Íslands. Páll Óskar fyrir utan Rockheim þar sem ráðstefnan „From Youth Culture to Cultural Heritage“ fór fram dagana 11.-12. júní 2019.

SALALEIGA

Í Hljómahöll er að finna sali sem leigðir eru út við ýmis tilefni. Þessir salir eru:

- Stapi
- Berg
- Merkines
- Rokksafn Íslands
- Félagsbíó

Salirnir eru leigðir út við ýmis tilefni. Þar á meðal mætti nefna:

- Árshátíðir
- Ráðstefnur
- Erfidrykkjur
- Fundir
- Brúðkaup



Mynd: Salir Hljómahallar í þrívídd.

Salir Hljómahallar voru mikið leigðir út fyrri hluta árs undir viðburði af öllum tegundum. Árshátíðartímabilið hafði aldrei verið jafn annasamt og á þessum tíma en það voru árshátíðir haldnar sjö helgar í röð – sem hafði ekki komið fyrir áður. Þar af voru tvær árshátíðir sem voru talsvert stærri í sniðum en flestar aðrar árshátíðir en það voru árshátíðir Isavia og árshátíð Reykjanesbæjar þar sem gestafjöldi var rúmlega 800 á hvorum viðburði og Hljómahöll öll lögð undir að fráskildum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Þegar líða tók á árið dró úr salaleigu, sérstaklega þegar liðið var á haustið. Það má velta vöngum um hvers vegna salaleiga þróaðist í þessa átt en það var mat starfsmanna í Hljómahöll að fall flugfélagsins Wow Air hafði mikið að segja þegar á haustið leið. Þó nokkrir viðburðir voru felldir niður með litlum fyrirvara – margir hverjir fjölmennir viðburðir – og bar haustið þess greinileg merki.

Áætluð salaleiga í fjárhagsáætlun Hljómahallar árið 2019 voru 22 m.kr. Velta af salarleigu í Hljómahöll árið 2019 nam 24,4 m.kr. eða 2,4 m.kr. meira en áætlað var. Þessar tölur eiga aðeins við salarleigu og þá þjónustu sem Hljómahöll veitir í kringum hana. Velta vegna veitingasölu í kringum viðburðina er að öllu ótalin. Árið 2018 var áætluð velta salaleigu 20 m.kr. en veltan var 28,2 m.kr. Tekjur drógust því saman um 3,8 m.kr. á milli ára.

Fundir bæjarstjórnar Reykjanesbæjar voru fluttir á árinu úr Ráðhúsi Reykjanesbæjar í Hljómahöll. Fundirnir munu fara fram í Merkinesi og gengið er beint inn í salinn frá Hjallavegi. Aðgengi verður því mun betra en verið hefur, þar sem fundir bæjarstjórnar hafa verið í risi Ráðhússins. Eftir sem áður verður öllum fundum bæjarstjórnar streymt í gegnum efnisveituna YouTube en tæknimenn Hljómahallar hafa yfirumsjón með allri tækni á fundum bæjarstjórnar s.s. hljóð, lýsingu og útsendingu á vefnum.

VIÐBURÐIR

Í Hljómahöll fóru fram fjölmargir viðburðir á árinu 2019 sem Hljómahöll annaðhvort stóð sjálf að eða í samstarfi við aðra. Hér er aðeins átt við viðburði sem eru sýnilegir út á við en ekki um viðburði vegna salaleigu (s.s. árshátíðir, ráðstefnur, fundi eða þess háttar). Þess má geta að árið 2019 var fyrsta árið sem Hljómahöll stóð að viðburðum með erlendum tónlistarmönnum en það voru tónlistarmennirnir Louis Cole og Cate Le Bon sem komu fram á árinu.



Mynd: Cate Le Bon á tónleikum í Hljómahöll 9. september 2019

Viðburðir sem fóru fram í Hljómahöll árið 2019:

Söngvaskáld á Suðurnesjum - Gunnar Þórðarsson	7.febrúar
Jóhanna Guðrún - Íslensku perlurnar	8.febrúar
Júníus Meyvant á trúnó	9.febrúar
Júníus Meyvant á trúnó - Aukatónleikar	9.febrúar
Louis Cole	15.febrúar
Söngvaskáld á Suðurnesjum - Elly Vilhjálms	7.mars
Söngvaskáld á Suðurnesjum - Jóhann G. Jóhansson	4.apríl
Baggalútur á trúnó	5.apríl
Baggalútur á trúnó - Aukatónleikar	5.apríl
Arnar Dór syngur lög Hauk Morthens	11.apríl
Már Gunnarsson - Söngur fuglsins	12.apríl
Dívur – vortónleikar Kvennakórs Suðurnesja	7.maí
Karлакórinn rokkar	14.maí
Karлакórinn rokkar	15.maí
Hatari	29. maí
Sinfóníuhljómsveit Íslands	3. sept.

Með blik í auga - Manst'eftir Eydísi?	4.sept.
Með blik í auga - Manst'eftir Eydísi? – Aukatónleikar	8.sept.
Með blik í auga - Manst'eftir Eydísi? – Aukatónleikar	8.sept.
Cate Le Bon	9.sept.
Vök á trú nó	2.okt.
Deep Jimi and the Zep Creams	10. okt.
Fiðlarinn á þakinu – 1. sýning	15.nóv.
Fiðlarinn á þakinu – 2. sýning	16.nóv.
Fiðlarinn á þakinu – 3. sýning	17.nóv.
Aðventutónleikar Sönghóps Suðurnesja	3.des.
Páll Óskar og Monika ásamt kór og strengjasveit	5.des.
Ari Eldjárn: Áramótaskop	19.des
Ari Eldjárn: Áramótaskop - Aukásýning	19.des

Á þessa viðburði seldust samtals 5.748 miðar (3.779 miðar árið 2018). Tekjurnar af miðasölunni voru 28,7 m.kr. (15,2 m.kr. árið 2018). Talsverð aukning var á tekjum af miðasölu eða 13,4 m.kr. á milli ára.

Samningar eru misjafnir á þessum viðburðum og samningar misjafnir við hvern listamenn en stærsti hluti þessara tekna fer til listamannanna. Sumir viðburðir eru gerðir í samstarfi við listamennina á meðan aðrir leigja salina.

VEITINGASALA

Fyrirtækið Hljómahöll-veitingar ehf. sér um alla veitingasölu í Hljómahöll. Það sem telst til veitingasölu í Hljómahöll er:

- Veitingar á Rokksafni Íslands s.s. kaffi, gos, te o.fl.
- Veitingar á börum Hljómahallar (bar í Stapa og Rokksafni Íslands)
- Matarveitingar á viðburðum s.s. ráðstefnum, fundum og árshátíðum

Áætlaðar tekjur árið 2019 voru 30 m.kr. en tekjur Hljómahallar-veitinga ehf. á árinu voru 64,9 m.kr. eða 34,9 m.kr. meira en áætlað var. Tekjur árið áður, 2018, voru 57,5 m.kr. eða 7,4 m.kr. meira en árið áður.

Ástæða fyrir því að tekjur fara fram úr áætlun svo um muni er breytt fyrirkomulag vegna reikninga sem fara frá Hljómahöll. Áður var sá háttur á að viðskiptavinir fengu í sumum tilfellum tvo reikninga eftir að hafa leigt sal og keypt veitingar í Hljómahöll. Nú er það þannig að það fer bara einn reikningur til viðskiptavinarins fyrir salaleigu og veitingum. Reykjanesbær (Hljómahöll) sendir Hljómahöll-veitingar ehf. fyrir salaleigunni.

NIÐURLAG

Árið hefur verið viðburðaríkt í Hljómahöll. Mikið hefur verið um tónlistarviðburði og er það ánægjuleg framþróun fyrir húsið að standa fyrir viðburðum með erlendum listamönnum ásamt þeim tónlistarviðburðum sem fyrir voru. Þetta útvíkkar enn frekar starfsemi hússins en óhætt er að segja að þeir tónleikar nái sennilega til áhorfendahóps sem hafði ekki lagt leið sína í Hljómahöll fram að þeim tónleikum.

Rokksafn Íslands hélt dampi í fjölda gesta, svipti hulunni af nýju og viðamiklu sýningaratriði og hlaut nýsköpunar- og hvatningaverðlaun ferðaþjónustunnar.

Salaleigan einkenndist af örlítið meiri sveiflum en húsið á að venjast. Mjög líflegt var framan af ári en svo örlaði á talsvert af afbókunum um haustið. Hljómahöll og Rokksafn Íslands líta björtum augum fram á veginn.

Reykjanesbær, 7. apríl 2020

Ritað af :

Tómas Young

Framkvæmdastjóra Hljómahallar og Rokksafns Íslands